

Stjórnarskiptafundur þriðjudaginn 8. apríl kl. 16.30 haldinn á heimili Sigurbjargar Gylfadóttur í Reykjavík.

Mættir: Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, Eyjólfur Már Sigurðsson, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Hulda Sif Birgisdóttir, Sigurbjörg Eðvarsdóttir og Sigurbjörg Gylfadóttir.

Dagskrá fundar:

1. Stjórnarskipti.
2. Félagsfundur í maí.
3. Keppni frönskunemenda.
4. Sumarnámskeið frönskukennara.
5. Önnur mál.

1. Eyjólfur Már Sigurðsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir láta nú af störfum í stjórn Félags frönskukennara og voru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf undanfarin ár. Skipað var í embætti í nýrri stjórn. Ákveðið var að Sigurbjörg Gylfadóttir tæki við embætti gjaldkera, Hulda Sif Birgisdóttir var skipuð ritari og Sigurbjörg Eðvarsdóttir var skipuð meðstjórnandi. Jóhanna Björk situr áfram sem formaður félagsins samkvæmt kjöri Aðalfundar 28 febrúar síðastliðinn.

2. Rætt var um að halda félagsfund í maí. Á þeim fundi var gert ráð fyrir að nokkrir félagar myndu segja frá reynslu sinni af námsleyfi og að Rósa Elín myndi kynna orðabókarverkefnið sem hún stýrir. Einnig var rætt um að nýta mætti þennan fund sem vettvang til að ræða um frönskukeppni na og fyrirkomulag hennar.

3. Ákveðið var að skilafrestur frönskukeppninnar yrði framlengdur til 30. apríl vegna nýafstaðins verkfalls framhaldsskólakennara sem lamað hafði skólastarf í þrjár vikur. Einnig var ákveðið að engin sérstök verðlaunafhending yrði á Borgarbókasafninu þetta árið vegna tímaskorts og að dómnefndin myndi einfaldlega koma saman og velja sigurvegara.

4. Umræða fór fram um sumarnámskeið frönskukennara 4.-5. júní. Rætt var um hvernig og hvenær best væri að haga skráningu á það. Eyjólfur er umsjónarmaður námskeiðsins og tók hann að sér að senda út tilkynningar vegna þess og halda utan um skráningu í samvinnu við Endurmenntun.

5. Eftirfarandi atriði voru rædd: Nauðsyn þess að skila greinargerð til ráðuneytisins vegna prófgerðarstyrksins fyrir staðlaða frönskuprófið (sem Jóhanna tók að sér), greiðsla til Eve og Hrafnhildar fyrir prófarkarlestur á þessu sama prófi og umsjón með heimasíðu félagsins sem nýr ritari félagsins sér framvegis um.